

Foreldraráð Verslunarskóla Íslands. Fundargerð 21. janúar.

Útskrift nemenda 2018

Útskrift nema á þriðja og fjórða ári var rædd eftir að fyrirspurn barst frá móður í skólanum sem var ósátt við tímasetninguna fyrir útskrift nema sem útskrifast í fyrsta sinn á þriggja ára breytingunni. Þriðja ár útskrifsast 10.30 og fjórða ár kl. 13:00. Móðurinni fast útskriftin alltof snemma og of mikið stress

Ásta ætlar að hafa samband við Rakel sem hefur séð um útskriftirnar og kanna hvort að margir foreldrar hafa kvartað undan þessari tímasetningu og athuga hvort að það sé jafnvel hægt að hafa útskriftirnar sitthvorn daginn.

Nemó ballið

Nemó ballið er 1. Febrúar. Silla sér um að setja upplýsinar inná foreldraráðssíðuna á facebook og kanna hvað margir foreldrar bjóða sig fram í gæsluna, þörfin er um 16 manns. 4-6 foreldraráðsmeðlimir geta mætt í gæsluna.

Rætt var um að kaupa fleiri teppi og var niðurstaðan sú að prófa að kaupa álteppi/poka og kanna hvort að þeir virki ekki vel. Ódýrir og léttir (og kúl?). Einnig þarf að bæta við fleiri plöstrum/grisjum í kassann. Ákveðið að kaupa annan plastkassa undir dót foreldraráðsins. Silla sér um þessi kaup.

Haffi tók að sér að græja gjafakortin fyrir edrúpottinn

Greiðsluseðlarnir

Greiðsluseðlarnir voru ræddir og hélt Hafsteinn að um 100 manns ættu eftir að greiða. Ákveðið var að biðja Þorkel um að minnast á greiðsluseðlana í næsta vefriti Verzló og minna foreldra á þá.

Fyrirlesarar á fræðslufundi

Nokkrar góðar tillögur komu fram um fyrirlesara fyrir fræðslufund nemenda og fyrir foreldra.

- Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur – nettotkun og sjálfsmynd / lyfjanotkun fyrir próf?
- Alda Karen Hjaltalín hjá Ghostlamp – sjálfstyrking
- Lára G. Sigurðardóttir, læknir – rafsígarettur

Ásta ætlar að kanna með Eyjólf, Bára með Öldu Karen og Silla með Láru. Það voru allir sammála um að þetta væru allt mjög þörf málefni. Einnig fannst okkur mikilvægt að fá fyrirlesara sem ræðir um mynddreifingar á netinu og áhrif þeirra.